

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

	Kr.
A. Sorpeyðing	
Íbúðarhús	5 000 á ári
Atvinnurekstur, bújarðir, garðyrkjustöðvar o. fl.	5 000 á ári
Sumarhús	3 000 á ári
Stærri atvinnurekstur allt að	30 000 á ári
B. Sorphreinsun	
Sótt vikulega, íbúðarhús	3 000 á ári

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hrunamannahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1997.

Umhverfissráðuneytinu, 11. desember 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 660

11. desember 1996

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Ölfushreppi 1997.

1. gr.

Hreppsnefnd Ölfushrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið leggst á árlega sem hér segir:

- A. Íbúðarhús, hver pokaening (einn poki vikulega eða tveir poka hálfsmánaðarlega) kr. 6.000. Fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna hvernar viðbótar pokaeningar kr. 4.000.
- B. Atvinnuhúsnæði, hver pokaening kr. 8.250 fyrir hvern poka.
- C. Öll fyrirtæki lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald, samkvæmt eftirfarandi:

	Sorpeyðingargjald	Sorphreinsunargjald
1. flokkur	kr. 5.750	kr. 23.000
2. flokkur	kr. 11.500	kr. 46.000
3. flokkur	kr. 23.000	kr. 92.000
4. flokkur	kr. 46.000	kr. 184.000
5. flokkur	kr. 92.000	kr. 368.000
6. flokkur	kr. 138.000	kr. 552.000

Hreppsnefnd raðar aðilum í gjaldflokka eftir áætluðu magni úrgangs.

Heimilt er að fella sorphreinsunargjald niður hafi aðilar samning um sorphreinsun við flutningsaðila sem Ölfushreppur samþykkir, enda hafi viðkomandi flutningsaðili útbúnað er hæfir verkinu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til þess að gilda fyrir árið 1997.

Umhverfisráðuneytinu, 11. desember 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUR

um smíði báta styttri en 6 metrar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um báta og önnur tæki styttri en 6 metrar að lengd, mælt milli stafna, sem notuð eru í atvinnuskyni á sjó, ám eða vötnum. Bátarnir og/eða tækin eru skilgreind í reglunum sem smábátar.

Með orðalaginu „notkun báta í atvinnuskyni“ er átt við báta sem skapa eigendum tekjur, til dæmis með notkun bátanna við fiskveiðar eða farþegaflutning eða vegna leigu á bátunum til almennings. „Vinnubátur“ er samheiti á bátum sem notaðir eru í atvinnuskyni.

Bátasmiðir, innflytjendur eða eigendur skemmtibáta geta fengið þá samþykkt, enda uppfylli bátarnir ákvæði reglna um skemmtibáta.

2. gr.

Samþykki smábáta.

Smábátar, sem notaðir eru í atvinnuskyni hér á landi, skulu samþykktir af Siglingastofnun Íslands og skráðir hjá skipaskráningardeild stofnunarinnar.

Smábátar skulu samþykktir af Siglingastofnun samkvæmt reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum, þó sbr. 2. gr. 3. mgr. Slöngur sem notaðar eru sem flotholt á smábáta skulu uppfylla ákvæði í viðauka 1 við reglur þessar.

Smábátar sem leigðir eru út til almennings til stuttra ferða á lygnum vatni í sjónmáli frá eftirlitsstöð bátaleigunnar eða notaðir til farþegaflutninga á ám undir stjórn leiðsögu-